

3 hluti – Skapandi myndbandagerð

Tæknin

SKREFIN Í MYNDBANDAGERÐ

SÖGULÍNA OG GERÐ MYNDBANDA

Þegar myndband er gert þá þurfið þið að byrja á að huga að söguþræði sem gjarnan er talað um sem sögulínu. Hér safnið þið saman myndum, myndskleiðum, titlum fyrir ákveðnar senur og einnig upplýsingum um hljóðskrár

a) Val og skipulag

Safnið saman myndum og myndskleiðum sem þið viljið nota í sögulínu ykkar og raðið þeim í þá röð sem þið viljið hafa þær í. Skráið hjá ykkur upplýsingar um hverja mynd og myndskleið sem þið ætíð nota.

b) Skipting milli mynda og/eða myndskleiða

Hugið að því hvernig þið viljið að skipting á milli mynda og myndskleiða verði í myndbandinu ykkar (hvernig myndir eða myndskleið færast yfir það næsta) og bætið aðgerðum um það við sögulínuna. Þetta gæti verið aðgerðir um að myndin/myndskleiðið leysist upp, hreyfist til eða tekur á þrívíddar form, allt eftir því hvaða forrit eða app þið notið.

c) Skipulag myndbandsgerðar

Byrjið skipulagninguna á því að flytja inn myndir og myndskleið í myndvinnsluforritið. Komið þeim fyrir á sögulínunni í tímaröð og breytið lengd þeirra ef þarf. Síðan má bæta við, titlum og/eða texta, tónlist, hljóðáhrifum, talsetningu og lista yfir þá sem komu að gerð myndbandsins í lokin.

d) Að flytja myndbandið út úr myndvinnsluforritinu

Þegar myndbandið er tilbúið þá notið þið útflutnings aðgerðina (e. export function) til að flytja myndbandið út úr forritinu og búa til myndbandskrá í góðum gæðum sem er þá tilbúin og má deila með öðrum.

Hvað þurfið þið?

- Handrit með sögulínu
- Spjaldtölvu, snjallsíma eða tölvu
- Forrit eða app fyrir myndbandagerð

Ábending! Skoðið myndböndin á vidobiology.eu til að fá leiðbeingar um þann hugbúnað sem mælt er með

VINNÐ SEM HÓPUR - DEILIÐ STÖRFUM

BÚIÐ TIL SÖGULÍNUNA YKKAR SAMAN!

Deilið vinnunni við framleiðsluna í eftirfarandi störf:

a) Leikstjórinn ...

... er ábyrgur fyrir gerð myndbandsins og vinnur að vinnslu myndbandsins í samræmi við sögulínuna.

b) Textagerðarmaður ...

... vinnur að titlum sem eru skrifaðir niður í sögulínuna og síðan settir inn í myndbandið.

c) Sögumaður ...

... hljóðsetur myndbandið. Skiptir hljóðsetningu með hópnum, hver nemandi ætti að lesa inn einn hluta af textanum.

3 hluti – Skapandi myndbandagerð



DÆMI UM MYNDBÖND

Hér eru nokkrar tillögur að mismunandi gerðum myndbanda sem þið getið gert. Þið getið einnig búið til ykkar eigin útgáfu, verið bara viss um að þið haldið ykkur við sömu gerð myndbands frá byrjun til enda.

a) Kennslumyndband

Skýrið verkefnið skref fyrir skref. Þið getið ýmist verið í mynd, aðeins sýnt hendur ykkar eða talað til að útskýra hvað þið eruð að gera. Það er mikilvægt að vera skýr í lýsingum þannig að aðrir nemendur geti unnið eins verkefni (þetta er svipað og að búa til kökuuppskrift sem aðrir eiga að fylgja skref fyrir skref).

b) Blogg

Búið til ykkar eigið blogg. Þið lýsið verkefninu fyrir framan myndavélina eins og YouTube stjarna og bætið við myndum og myndskleiðum eftir á.

c) Kvikmynd

Í stuttri kvikmynd gætu ein eða fleiri sögupersónur sagt frá verkefninu á dramatískan eða myndinn hátt. Ákveðið hvernig kvikmynd þið viljið gera svo sem, grínmynd, spennmynd, eða tónlistar/söngvamynd.

d) Heimildarmynd

Heimildarmynd er byggð á staðreyndum og nákvæmum lýsingum af viðfangsefninu. Þið vinnið nánar með efnið sem þið hafið tekið upp á staðnum (svipað og í náttúrulífsmýndum).

